

## Fundargerð 50. fundar stjórnar SSNV, 3. desember 2019.

Þriðjudaginn 3. desember 2019 kom stjórn SSNV til fundar á Blönduósi og hófst fundurinn kl. 9:30.

Mætt voru: Þorleifur Karl Eggertsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Gunnsteinn Björnsson, Álfhildur Leifsdóttir og Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Þorleifur Karl Eggertsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá

1. Tilnefning fulltrúa í fagráð menningar.
2. 9. mánaða uppgjör.
3. Tilnefning í Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra.
4. Úthlutun úr Smávirkjanasjóði SSNV.
5. Fundargerðir.
6. Umsagnarbeiðnir.
7. Skýrsla framkvæmdastjóra.
8. Önnur mál.

### Afgreiðslur

#### 1. Tilnefning fulltrúa í fagráð menningar.

Stjórn tilnefnir Helgu Rós Indriðadóttur í fagráð menningar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.

#### 2. 9 mánaða uppgjör.

Lagt fram 9 mánaða uppgjör samtakanna. Rekstur er almennt skv. áætlun.

#### 3. Tilnefning í Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra.

Fyrir fundinum liggur beiðni félagsmálaráðuneytis, dags. 28. október 2019, um tilnefningu fulltrúa í Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra. Stjórn tilnefnir Dagnýju Rós Úlfarsdóttur og Gunnstein Björnsson.

#### 4. Úthlutun úr Smávirkjanasjóði SSNV.

Fyrir fundinum liggur minnisblað fagráðs Smávirkjanasjóðs SSNV vegna úthlutunar úr skrefi 2. 3 umsóknir bárust fyrir 4 virkjanakosti. Stjórn SSNV samþykkir tillögu fagráðsins. Styrkir eru veittir til eftirfarandi verkefna:

Virkjanakostir í Stóru-Giljá, 2 milljónir (samtals fyrir 2 virkjunarkosti).  
 Skagavirkjun, 2 milljónir.  
 Þriðja umsóknin uppfyllti ekki matsreglur sjóðsins um Skref 2 og var því hafnað.

Fagráð var skipað Erlu Björk Þorgeirsdóttur (formaður), Þórey Eddu Elísdóttur og Kristjáni Óttari Eymundssyni. Stjórn þakkar fagráði vel unnin störf.

## 5. Fundargerðir.

Lagðar fram til kynningar.

- a) Starfshópur um framtíðarskipan úrgangsmála, 16. október 2019.
- b) Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25. október 2019.
- c) Stjórn Eyþings, 20. nóvember 2019.
- d) Stjórn SSH, 4. nóvember 2019.
- e) Stjórn SASS, 23. október 2019.
- f) Stjórn SSS, 9. október 2019.
- g) Stjórn SSS, 20. nóvember 2019.
- h) Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál, 7. október 2019.

## 6. Umsagnarbeiðnir og mál í samráðsgátt stjórnvalda.

- a) Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 66. mál. Umsagnarfrestur til 18. nóvember.
- b) Frumvarp til laga um lyfjalög, 266. mál. Umsagnarfrestur til 2. desember.
- c) Frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (leyfisveitingar, málsmeðferð, endurupptaka o.fl.), 317. mál. Umsagnarfrestur til 2. desember.
- d) Drög að verkefni- og matslýsingu Kerfisáætlunar 2020-2029. Beiðni um umsögn frá Landsneti. Umsagnarfrestur til 23. desember.

*Ekki þykir ástæða til umsagnar.*

## 7. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Flutt munnlega á fundinum.

## 8. Önnur mál.

*Engin önnur mál komu fram.*

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:45.

Þorleifur Karl Eggertsson

Ragnildur Haraldsdóttir

Halldór G. Ólafsson

Gunnsteinn Björnsson

Álfildur Leifsdóttir

Unnur Valborg Hilmarsdóttir